

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 594/1993, sbr. reglugerð nr. 375/1994,
um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

1. gr.

Á eftir 2. gr. bætist við ný grein sem verður 2. gr. a og hljóðar svo, sbr. e-lið 2. gr. og b-lið 4. gr.:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/95 frá 28. apríl 1995 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn (um samkeppni), bókun I (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/95 frá 17. janúar 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 um beitingu 3. málsg. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 5. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Viðskiptaráðuneytið, 7. júní 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkurkaupstaðar 1985-2005.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni nr. 11 við Garðarsbraut breytist úr svæði fyrir verslun og þjónustu í svæði fyrir opinbera þjónustu.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.